

Minnisblað

Til: Velferðarnefndar Alþingis

Frá: Heilbrigðisráðuneyti

Dags. 30. apríl 2019.

Með tölvupósti dags. 30. apríl sl., óskaði velferðarnefnd eftir minnisblaði þar sem gerð yrði grein fyrir stigskiptingu heilbrigðisþjónustunnar eins og hún er sett fram í þingsályktunartillögu sem heilbrigðisráðherra lagði fram á Alþingi þann 23. janúar sl., 509. mál um heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Nefndin óskar eftir að gerð verði nánari grein fyrir stigskiptingu heilbrigðisþjónustunnar, eins og hún er sett fram í þingsályktunartillögunni, sbr. nánar eftirfarandi:

1. Er gert ráð fyrir því að þriðja stigs þjónusta verði eingöngu veitt á háskólasjúkrahúsi?

Svar: Þriðja stigs heilbrigðisþjónusta er nú veitt á Landspítala háskólasjúkrahúsi og að einhverju leyti einnig á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Stefnan gerir ráð fyrir því að hlutverk Landspítala sem háskólasjúkrahúss verði styrkt og þar verði veitt hátækniþjónusta sem og þriðja stigs þjónusta sem ekki er hægt að veita annars staðar á landinu. Ennfremur er gert ráð fyrir því í stefnunni að hlutverk Sjúkrahússins á Akureyri sem kennslusjúkrahús og veitanda annars og þriðja stigs þjónustu verði styrkt.

Háskólasjúkrahús er sú stofnun sem býr yfir mestri færni, kunnáttu og tækni til þess að fást við alvarlega sjúkdóma og tekur við sjúklingum frá öðrum heilbrigðisstofnunum þegar möguleikar þeirra eru tæmdir, eins og fram kemur í heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Þriðja stigs heilbrigðisþjónusta er flókin, krefst aðkomu nær allra viðurkenndra sérgreina læknisfræði og hjúkrunarfræði með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu. Fagleg rök, öryggi sjúklinga og hagkvæmnisjónarmið lúta að því að þriðja stigs heilbrigðisþjónusta sé veitt á Landspítala eða í náinni samvinnu við hann.

2. Samrýmist sú nálgun því stefnumiði að skilgreina og styrkja hlutverk Sjúkrahússins á Akureyri sem kennslusjúkrahús og veitanda annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu fyrir tilgreindar heilbrigðisstofnanir?

Svar: Já, með vísun til svars við 1. tölulið.

3. Er gert ráð fyrir því að þriðja stigs þjónusta verði veitt á öðrum heilbrigðisstofnunum en þá í samráði við háskólasjúkrahús?

Svar: Ekki er gert ráð fyrir því í stefnunni að þriðja stigs þjónusta verði veitt á öðrum heilbrigðisstofnunum. Tiltekna þjónustu eins og lyfjagjöf við krabbameini eða eftirfylgd með langvinnnum sjúkdómum með blóðprufum er gert ráð fyrir að hægt verði að veita á heilbrigðisstofnunum í heimabyggð en þá í samráði við Landspítala eða Sjúkrahúsið á Akureyri.

4. Hvernig horfir stefnumiðið við heimildum umdæmissjúkrahúsa til að veita þriðja stigs heilbrigðisþjónustu?

Svar: Sjá svar við 3. tölulið.

5. Er ástæða til að rýmka skilgreiningu á veitendum þriðja stigs heilbrigðisþjónustu, svo hún taki jafnframt til þjónustu kennslusjúkrahúsa?

Svar: Ekki er talin þörf á því að rýmka skilgreininguna þar sem stefnan gerir ráð fyrir að Sjúkrahúsið á Akureyri sem er kennslusjúkrahús veiti þriðja stigs þjónustu en þá í samvinnu við Landspítala. Þess skal getið að kennsla heilbrigðisstétta fer nú fram á mörgum heilbrigðisstofnunum í landinu, bæði heilsugæslustöðvum og á umdæmissjúkrahúsum.

Til upplýsingar er eftirfarandi skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á sjúkrahúsþjónustu þar sem meðal annar kemur fram skilgreining á háskólasjúkrahúsi:

Table 66.1 Definitions and Terms for Different Levels of Hospital

Disease Control Priorities Project: terminology and definitions	Alternative terms commonly found in the literature
<i>Primary-level hospital:</i> few specialties—mainly internal medicine, obstetrics and gynecology, pediatrics, and general surgery, or just general practice; limited laboratory services available for general but not specialized pathological analysis	District hospital Rural hospital Community hospital General hospital
<i>Secondary-level hospital:</i> highly differentiated by function with 5 to 10 clinical specialties; size ranges from 200 to 800 beds; often referred to as a <i>provincial hospital</i>	Regional hospital Provincial hospital (or equivalent administrative area such as county) General hospital
<i>Tertiary-level hospital:</i> highly specialized staff and technical equipment—for example, cardiology, intensive care unit, and specialized imaging units; clinical services highly differentiated by function; could have teaching activities; size ranges from 300 to 1,500 beds	National hospital Central hospital Academic or teaching or university hospital

Source: Definitions from Mulligan and others 2003, 59.

<https://www.who.int/management/facility/ReferralDefinitions.pdf>